
Brennsluofn fyrir dýrahæ og -leifar við Árnes í Skeiða- og Gnúpverjahreppi

Ákvörðun um matsskyldu

1 Inngangur

Þann 9. júní 2026 barst Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun (HMS) tilkynning frá Skeiða- og Gnúpverjahreppi um uppsetningu brennsluofns fyrir dýrahæ og -leifar við Árnes í Skeiða- og Gnúpverjahreppi, samkvæmt 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, sbr. lið 11.03 í 1. viðauka laganna.

HMS leitaði umsagna Skeiða- og Gnúpverjahrepps, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Matvælastofnunar, Minjastofnunar Íslands, Náttúrufræðistofnunar og Umhverfis- og orkustofnunar.

2 Gögn lögð fram

Tilkynning til HMS: Brennsluofn fyrir dýrahæ og dýraleifar í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Matsskyldufyrirspurn. Skeiða- og Gnúpverjahreppur – Efla. 8. júní 2026.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, dags. 8. júlí 2026
- Matvælastofnun, dags. 9. júlí 2026
- Minjastofnun Íslands, dags. 10. júlí 2026
- Náttúrufræðistofnun, dags. 13. júlí 2026
- Umhverfis- og orkustofnun, dags. 10. júlí 2026

Ekki barst umsögn frá Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Frekari upplýsingar bárust HMS 29. júlí 2026.

3 Fyrirhuguð framkvæmd

Fyrirhuguð framkvæmd felst í að setja upp brennsluofn fyrir dýrahæ og dýraleifar. Mikill landbúnaður er stundaður í Skeiða- og Gnúpverjahreppi en miðað við magntölur sveitarfélagsins árið 2024 féllu til um 115 tonn af dýrahæjum. Brennsluofninn mun þjónusta allt sveitarfélagið og er brennslugeta hans allt að 499 tonn/ári.

Fyrirhuguð brennsla verður staðsett á gámasvæði inni á núverandi athafnasvæði (AT1) sem skilgreint hefur verið í aðalskipulagi sveitarfélagsins, sunnan við þéttbýlið á Árnosi. Fyrirhuguð er að staðsetja brennsluna innan lóðarinnar Tvísteinabraut 6. Á lóðinni er í dag móttökustöð sorps þar sem tekið er á móti almennum úrgangi, grófum úrgangi, málmum, pappa, plasti, brotajárni, gleri, lituðu og ólituðu timbri, garðúrgangi auk spilliefna, raftækja og annars úrgangs frá heimilum og fyrirtækjum. Unnið er að endurskipulagningu lóðarinnar til að afmarka svæði fyrir brennsluofn og skýli yfir hann.

Í greinargerð kemur fram að í áráraðir hafi förgun dýrahraja og -leifa í Skeiða- og Gnúpverjahreppi farið þannig fram að Íslenska Gámafélagið hafi tekið á móti úrganginum innan sveitarfélagsins og flutt hann til urðunar að Strönd á Rangárvöllum. Algengt sé að söfnunargámarnir séu losaðir á 3-5 vikna fresti með tilheyrandi lyktarmengun frá gámunum. Frá síðustu áramótum hafi ekki verið heimilt að fara með dýrahrae í urðun að Strönd og hafi hræin verið flutt til brennslu í Kölku, sorpeyðingarstöð á Reykjanesi. Þetta fyrirkomulag hafi stóraukið kostnað bænda við förgun dýrahraja og -leifa. Til að bregðast við þessu hefur Skeiða- og Gnúpverjahreppur fjárfest í brennsluofni fyrir dýrahrae og dýraleifar (efni í áhættuflokki 1 samkvæmt reglugerð nr. 674/2017). Ofninn geti brennt allt að tveimur tonnum af dýrahraejum og dýraleifum á dag. Með tilkomu brennsluofnsins verður hægt að brenna dýrahrae og dýraleifar 1-3 sinnum á viku eða jafnóðum og úrganginum er skilað til brennslu. Með þessu minnkar geymslutími hraja og lyktarmengun töluvert frá því sem nú er. Kostnaður bænda við förgun dýrahraja- og leifa mun lækka, auk þess sem flutningsleiðir að förgunarstað munu stytta. Gert er ráð fyrir að nýr brennsluofn muni sjá um brennslu á þessum úrgangi frá sveitarfélaginu næsta áratuginn.

Fyrirhuguð brennsla. Í greinargerð kemur fram að með nýjum brennsluofni muni móttaka dýrahraja fara fram á lokuðu vinnusvæði á lóðinni. Móttaka dýrahraja verður með þeim hætti að bóndi kemur með hræ til stöðvarinnar og setur það í ílát á svæðinu. Berist hræ á meðan brennsla stendur yfir verður það geymt tímabundið í ílátinu þar til brennslu lýkur en þá verður ílátíð tæmt í ofninn og brennsla hafin á ný. Geymsla dýrahraja á staðnum verði því einungis tímabundin og almennt talin í klukkustundum fremur en dögum. Ofninn sé hlaðinn um leið og hræ berast og sé ekki opnaður á meðan brennsla stendur yfir. Bruninn tekur um 12-14 klukkustundir. Ofninn er kyntur með dísilolíu og þarf um 100 lítra fyrir hvert tonn af dýrahraejum. Brennsluofninn er um 4 m að lengd, 3,5 m á breidd og hæð hans er um 4 m með skorsteini. Rúmmál ofnsins að innan er 4,18 m³ og hann tekur allt að 2 tonn af dýraúrgangi. Brennsluofninn kemur fullbúinn til landsins. Brennsluofninn verður staðsettur í yfirbyggðu einangruðu skýli á steyptri plötu. Skýlið verður um 60-80 m² og mun hýsa brennsluofninn sjálfan, stjórnskáp, eldsneytistank og búnað sem tengist hleðslu og meðhöndlun dýrahraja. Brennsla á dýrahraejum og dýraleifum fer fram í tveimur aðskildum brennsluhólfum í brennsluofninum með brennslugetu sem nemur allt að 2.000 kg á dag. Ferlið feli í sér brennslu á lífrænum efnum úrgangsins sem breyti honum í ösku, hita og gas. Reykgös sem myndast við bruna séu leidd í gegnum sérstakt eftirbrennsluhólf sem eyði skaðlegum efnum í útblæstrinum þannig að hann verði aðallega vatnsgufa og sé bæði lyktar- og reyklaus þegar hann berst út um reykháfinn. Hitaskynjarar séu í hólfinu sem tryggi að brennslan nái tilskildum lágmarkshita (850 °C) í a.m.k. 2 sekúndur. Við þann bruna sé komið í veg fyrir díoxínmengun. Við brennslu dýraleifa verði til aska, útblástur og hiti. Askan sem myndast við brennslu dýraleifa sé að mestu gerð úr ólífræna hluta úrgangsins. Líkt og fyrr segir er gert ráð fyrir að um 3% af úrganginum verði að ösku og getur magn ösku því numið um 15 tonnum á ári.

Frárennsli. Í greinargerð kemur fram að ekkert frárennsli verði frá sjálfri brennslunni en frárennsli verði frá háþrýstipvotti á íláti þar sem móttaka dýrahraja mun fara fram. Vatnið mun væntanlega innihalda nokkuð af lífrænum efnum úr dýrum og mun flokkast sem sóttmengað vegna hættu á dýrasjúkdómum í hraejum. Steypt plata verður undir ofninum og plan fyrir framan hann með niðurföllum. Niðurföll munu leiða í safntank og verður hægt að dæla úr tankinum í ofninn og brenna þann úrgang. Þetta kemur í veg fyrir að vökvi, t.d. lífrænn vökvi, geti runnið í jarðveg eða grunnvatn.

4 Umhverfisáhrif

Hér er fjallað um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eins og þeim er lýst í framlögðum gögnum Skeiða- og Gnúpverjahrepps og umsögnum umsagnaraðila.

Áhrif á náttúrufar og menningarminjar

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að áhrif starfseminnar á náttúrulegt umhverfi eins og vistgerðir, gróður og dýralíf séu óveruleg, sérstaklega í ljósi þess að svæðið sé þegar byggt og talsvert raskað. Gróður og vistgerðir í nágrenni verði ekki fyrir teljandi áhrifum. Ekki sé gert ráð fyrir áhrifum á dýralíf. Engar menningar- eða náttúru-minjar séu skráðar innan svæðisins og engar líkur séu á að framkvæmdir hafi áhrif á slíkar minjar.

Áhrif á loftgæði og lykt

Í greinargerð kemur fram að með tilkomu brennsluofnsins verði brennt 1-3 sinnum á viku, en gert er ráð fyrir því að það verði jafnóðum og dýrunum er skilað til brennslu og þar með verður geymslutími takmarkaður eftir fremsta megni. Ólykt gæti hins vegar stafað frá dýrahæjum við móttöku þeirra til brennslu eða við hleðslu ofnsins en með tilkomu brennslunnar minnki geymslutími hræja töluvert frá því sem nú er. Með þessu móti er ekki gert ráð fyrir sömu lyktarmengun og er fyrir í dag. Sambærilegur ofn fyrir brennslu á dýrahæjum er staðsettur innan bæjarmarka á Selfossi eða í um 400 metrum frá íbúðabyggð og 800 metrum frá miðbæ Selfoss. Engar kvartanir hafa borist á Selfossi vegna lyktarmengunar samkvæmt upplýsingum frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands. Í reglugerðum um hollustuhætti annars vegar og loftgæði hins vegar eru almenn ákvæði um að ólykt skuli ekki valda ónæði eða óþægindum. Fjarlægð frá fyrirhugaðri staðsetningu brennsluofnsins til næsta íbúðarhúsnæðis er um 600 m en ríkjandi vindátt á athafnasvæðinu er úr norðaustri og blási því frá byggðinni í Árnesi.

Fram kemur að samkvæmt lögum um meðhöndlun úrgangs verði ákvæði í starfsleyfi um losunarmörk fyrir mengunarefni, eftir því sem við á, með tilliti til samsetningar þess úrgangs sem brenna á og gerðar brennslustöðvarinnar. Brennslan sem á sér stað í eftirbrennsluhólfi ofnsins muni eyða mestu af skaðlegum efnum. Samsetning útblásturs frá brennslu dýraleifa sé vel þekkt en lykilatriði í rekstri brennsluofnsins sé brennslan sem fari fram í eftirbrennsluhólfi ofnsins sem tryggi að úrgangurinn sé brenndur nógu lengi við hátt hitastig þannig að komist verði hjá myndun skaðlegra gastegunda.

Áhrif af völdum ösku

Í greinargerð kemur fram að til þess að hægt sé að nýta ösku sem myndist við brunann sem áburð verði hún að standast mælingar á efnainnihaldi.

Í umsögn Matvælastofnunar kemur fram að ösku sem falli til við brennslu á CAT1 efni megi ekki nota sem áburð. Slíkar leifar verði að endurvinnu í samræmi við viðeigandi löggjöf eða farga á viðurkenndum urðunarstað.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að ösku verði fargað í samræmi við framkomnar ábendingar í umsögn Matvælastofnunar.

Áhrif á vatnshlot

Í greinargerð er fjallað um áhrif framkvæmdanna á vatnshlot með hliðsjón af leiðbeiningum Umhverfis- og orkustofnunar. Helsta hættan sem vatnshlotinu stafar af framkvæmdinni er ef spilliefni eða smitandi efni í fráveituvatni fer ómeðhöndlað í umhverfið. Gert er ráð fyrir að tæma megi vatnið úr söfnunartankinum í fráveitukerfi ef vatnið stenst mælingar á losun efna samkvæmt starfsleyfi. Á þessu stigi hefur ekki verið ákveðið hvernig hreinsun vatns verði háttað. Með eftirliti á fráveituvatni og reglulegum mælingum verði komið í veg fyrir mengun vatnshlotsins og áhrif á efnafræðilegt ástand þess. Með hræbrennslu í sveitarfélaginu sé dregið úr líkum á ólögmætri heimaurðun dýrahæja.

Tilkoma hræbrennsluofns í sveitarfélaginu gæti því haft óbein jákvæð áhrif á grunnvatn. Ekki er talin þörf á frekara mati á áhrifum á grunnvatnshlotið.

5 Skipulag og leyfi

Fyrirhugað er að staðsetja hræbrennsluofninn á lóð sem er á skilgreindu athafnasvæði (AT1) í Aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029. Gera þarf breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins og breyta hluta lóðarinnar í iðnaðarsvæði, þar sem brennsluofninn verður staðsettur.

Í gildi er deiliskipulag Árness og Réttarholts sem staðfest var árið 2007, með síðari breytingum. Fyrirhugað er að staðsetja hræbrennsluofn innan gámasvæðis á deiliskipulaginu. Í greinargerð kemur fram að gerð verði breyting á deiliskipulaginu þar sem greint verði nánar frá staðsetningu brennsluofnsins innan lóðarinnar og skilmálum í tengslum við hann.

Framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Skeiða- og Gnúpverjahrepps samkvæmt skipulagslögum og byggingarleyfi samkvæmt lögum um mannvirki. Framkvæmdin er háð starfsleyfi Umhverfis- og orkustofnunar skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Skrá þarf starfsemina hjá Matvælastofnun í samræmi við lög nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim.

6 Niðurstaða

Um er að ræða uppsetningu á brennsluofni fyrir dýrahæ og -leifar við Árnes í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 19. gr. og lið 11.03 í 1. viðauka í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Eðli, staðsetning og eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eðli hennar, svo sem stærð og umfangi, úrgangsmyndunar, mengunar, ónæðis og hættu fyrir heilbrigði manna, sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Einnig skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar og hversu viðkvæm þau svæði eru sem líklegt er að framkvæmd hafi áhrif á, svo sem með tilliti til landnotkunar og verndarákvæða, einkum svæða sem njóta verndar skv. lögum um náttúruvernd. Að endingu ber að skoða áhrif framkvæmdar í ljósi gerðar og eiginleika hugsanlegra áhrifa framkvæmdar, svo sem með tilliti til: umfangs, eðlis, styrks og fjölbreytileika áhrifa, hverjar líkur séu á áhrifum, tímalengdar, tíðni og afturkræfni áhrifa og möguleika á að draga úr áhrifum, sbr. 3. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021.

Fyrirhuguð mannvirki eru mjög lítil að umfangi þar sem um er að ræða tilbúinn brennsluofn sem verður fluttur til landsins frá framleiðanda. Hæð skorsteins, sem er hæsti hlutinn, er um fjórir metrar. Framkvæmdasvæðið er innan svæðis sem er skilgreint sem mikilvægt fuglasvæði og er jafnframt á nútímahrauni sem alla jafna nýtur sérstakrar verndar skv. lögum um náttúruvernd. Um er að ræða mjög umfangsmikið svæði sem er skilgreint sem mikilvægt fuglasvæði og telur stofnunin ekki að áformuð framkvæmd muni hafa áhrif á verndargildi svæðisins. Fuglar kunna að verða fyrir tímabundinni truflun á framkvæmdatíma en það ónæði er líklegt til að verða minni háttar ef tekið er mið af staðsetningu fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis í grennd við fjölfarinn þjóðveg og athafnasvæði. Þá telur HMS að ekki verði um neikvæð áhrif að ræða á nútímahraun þar sem fyrir liggur að svæðinu hefur þegar verið raskað, það er sandorpið eða hulið jarðvegi og gróðri og ekki er lengur hægt að greina hvort um hraun sé að ræða sem hefur að öllu jöfnu tapað þeim einkennum sem mynda verndargildi þess. Fyrirhugaðar framkvæmdir munu því hafa óveruleg áhrif á náttúrufar eða menningarminjar þar sem möguleg neikvæð áhrif á þá umhverfisþætti hafa þegar komið fram. Með því að nýr brennsluofn verður tekinn í notkun nær upprunastað úrgangsins mun draga úr lyktarónæði miðað við núverandi aðstæður þar sem geymslutími dýraleifa stýttist talsvert. HMS telur að þó svo að framkvæmdaraðili hafi sýnt fram á að fyrirhuguð brennsla á dýrahæjum og -leifum sé líkleg til að vera framfaraskref frá

núverandi fyrirkomulagi þá ráðast umhverfisáhrif framkvæmdarinnar að verulegu leyti af því verklagi sem verður viðhaft við rekstur brennslunnar. Brýnt er að þeir sem stýra rekstri brennslunnar hafi fengið tilhlýðilega kennslu til að starfrækja búnaðinn þannig að neikvæð áhrif af rekstrinum verði hverfandi. Ákvæði um endanlega útfærslu á rekstri brennslunnar þurfa að koma fram í starfsleyfi sem Umhverfis- og orkustofnun gefur út og síðan þarf að sannreyna ákvæðin með eftirliti á rekstartíma. HMS telur að áhrif af rekstri sorpbrennslunnar séu afturkræf ef ákveðið yrði að hætta að brenna dýrahæ og -leifar á svæðinu.

Ákvörðunarorð

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða HMS að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 30. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 31. ágúst 2026.

Reykjavík, 30. júlí 2026,

Jakob Gunnarsson

Sigurður Ásbjörnsson

* Rafræn skilríki

HMS

Húsnæði
Mannvirki
Skipulag

Jakob Gunnarsson

Jakob Gunnarsson
Sérfræðingur, umhverfismat
Svið skipulags og umhverfismats

Undirritað með OneSign

* Rafræn skilríki

HMS

Húsnæði
Mannvirki
Skipulag

Sigurður Asbjörnsson

Sigurður Asbjörnsson
Sérfræðingur, umhverfismat
Svið skipulags og umhverfismats

Undirritað með OneSign